

Fréttabréf Fjöreggs á útmánuðum 2018

Apríl 2018

Komið þið sælir góðir félagar

Hér kemur seinna fréttabréf frá stjórn Fjöreggs á starfsárinu 2017 til 2018. Það hefur verið rólegt hjá okkur frá haustinu og fram yfir áramót. Það hefur verið ágætt að dvelja um stund í meira næði og nýta tíman til að hvíla hugann og endurnæra. Með hækkingu sólar og innstreyms orku og starfsvilja sendum við ykkur helstu fréttir frá síðasta fréttabréfi í september og eins viljum við að vanda vekt ykkur til dáða ef vilji er til að taka þátt í starfi félagsins.

Aðalfundur:

Aðalfundur hefur verið ákveðinn og verður hann fimmtudaginn 12. apríl kl 20:00 í Fuglasafni Sigurgeirs. Við hvetjum ykkur til að mæta njóta samveru, vera virk í félaginu og móta starfið með góðum hugmyndum. Þeir sem hafa hug á að starfa í stjórn eða hópstarfi eru hvattir til að hafa samband við formannin Óla Þröst eða einhvern í stjórninni.

Til fróðleiks og skemmtunar höfum við fengið Bjarna Kristofer Kristjánsson en hann hefur séð um rannsóknir á hella- og gjáalontum kringum Mývatn. Það verður eflaust fróðlegt að heyra hvað hann hefur að segja um þær rannsóknir sem hafa verið gerðar og hvert framhaldið verður. Hér er hlekkur á grein í Morgunblaðinu um þetta verkefni fyrir áhugasama að glöggva sig á.

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/06/21/veida_bleikjur_i_throngum_hellum/

Svar sveitastjórnar vegna erindis Fjöreggs um Hótel Reykjahlíð:

Þann 8. September sendi stjórn Fjöreggs erindi til sveitastjórnar vegna Hótel Reykjahlíðar eins og kom fram í síðasta fréttabréfi. Sveitastjórn hefur svarað bréfinu og fer svarið hér á eftir.

„Af málefnum Hótel Reykjahlíðar.

Málefni Hótel Reykjahlíðar hafa ekki farið fram hjá nokkrum Mývetningi undanfarin misseri og sitt sýnist hverjum. Meðal annars barst undirskriftalisti í fyrrasumar með mótmælum yfir 200 íbúa (sjá frétt hér: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/07/12/hafn_a_nyju_hoteli_vid_myvatn/).

Rétt er að taka fram í ljósi umræðna og fyrirspurna að málið er í biðstöðu og sveitarfélagið hefur ekki fjallað um efnisatriði þar sem málið hefur verið í kærufarli af hálfu Flugleiðahótela. Það síðasta er að Flugleiðahótel kærðu málsmeðferðina til Umboðsmanns Alþingis. Hér verður gerð tilraun til þess að reyna að fara yfir stöðu málsins á sem einfaldastan hátt en hún er nokkuð flókin:

Á síðasta fundi skipulagsnefndar var tekið fyrir bréf frá Fjöreggi þar sem fram kemur áskorun um að synjað verði um breytingar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna fyrirhugaðar framkvæmdar Flugleiðahótela ehf. við Hótel Reykjahlíð. Vegna bréfsins áréttaði skipulagsnefnd að sveitarfélagið hefur ekki fjallað um efnisleg atriði aðalskipulagstillögunnar eftir að athugasemdir skipulagsstofnunar, dags. 8. ágúst 2016, bárust. Í ljósi þeirra athugasemda var óskað eftir umsögn Umhverfisstofnunar, sem er dagsett 27. október 2016. Skútustaðahreppur fékk upplýsingar um að umsögnin var borin undir úrskurðarnefnd

umhverfis- og auðlindamála af Flugleiðahótelum ehf. Úrskurður var kveðinn upp þann 2. maí 2017, þar sem málinu var vísað frá nefndinni.

Samkvæmt upplýsingum Skútustaðahrepps, hafa Flugleiðahótel ehf. óskað eftir álitum umboðsmanns Alþingis vegna málsins. Ekki hefur þótt tímabært að taka málið til frekari málsmeðferðar hjá Skútustaðahreppi í ljósi ofangreinds. Þegar að því kemur verður fjallað um stöðu málsins og mögulegt framhald þess í ljósi gagna og erinda sem hafa borist sveitarfélaginu.

Hér er tímalína málsins eftir að tillaga að breytingu aðalskipulags Skútustaðahrepps vegna Hótel Reykjahlíðar, var til umfjöllunar fyrst þann 29. júní 2016.

29. júní 2016. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna Hótel Reykjahlíðar samþykkt til auglýsingar af sveitarstjórn, að lokinni athugun Skipulagsstofnunar.

6. júlí 2016. Aðalskipulagstillaga v/Hótel Reykjahlíðar send til athugunar skipulagsstofnunar.

12. júlí 2016. Undirskriftarlista yfir 200 íbúa vegna mótmæla við Skipulagstillögu skilað til Skútustaðahrepps.

8. ágúst 2016. Athugasemdir Skipulagsstofnunar settar fram. M.a. bent á að umsögn Umhverfisstofnunar liggi ekki fyrir, en stofnunin hafi aðeins veitt umsögn á lýsingu fyrir skipulagsverkefnið 13. Ágúst 2015. Skipulagsstofnun kynnir að stofnunin geti ekki tekið afstöðu til tillögunnar án umsagnar Umhverfisstofnunar. Fleiri athugasemdir Skipulagsstofnunar settar fram.

5. september 2016. Skútustaðahreppur óskar umsagnar Umhverfisstofnunar um aðalskipulagstillögu.

27. október 2016. Umsögn Umhverfisstofnunar. Þar kynnt að Umhverfisstofnun fallist ekki á skipulagstillöguna. Áréttað að stofnunin þurfi að veita leyfi og að ekki sé gert ráð fyrir svo mikillil uppbyggingu innan verndarsvæði í 50 metra fjarlægð frá Mývatni.

28. nóvember 2016. Flugleiðahótel ehf. Kæra „ákvörðun“ Umhverfisstofnunar að fallast ekki á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi, til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.

2. maí 2017. Úrskurðarnefnd auðlinda- og umhverfismála kveður upp úrskurð, þar sem kærur Flugleiðahótela ehf. er vísað frá nefndinni. Forsendur þess eru að ekki hafi verið um að ræða endanlega afstöðu, þ.e. ákvörðun, um leyfisveitingu vegna stækkunar Hótel Reykjahlíðar, heldur hafi verið um að ræða afstöðu, þótt neikvæð væri, með tilliti til fyrirbyggjandi gagna.

Sumar 2017. Flugleiðahótel ehf. hefur borið afgreiðslu UUA undir umboðsmann Alþingis, til þess að fá fram álit hans á því hvort UUA hafi starfað í samræmi við lög. Þarna er málið stalt og því rétt að ítreka að sveitarstjórn hefur aldrei tekið efnislega afstöðu til málsins heldur hefur það verið í lögbundnu ferli til þessa. Því liggur fyrir að bíða með efnislega umfjöllun og frekari málsmeðferð, þar til álit umboðsmanns Alþingis liggur fyrir og eftir atvikum viðbrögð Umhverfisstofnunar, Flugleiðahótela ehf. og annarra við því.“

Vetrarstarfið:

Vettvangsferð í Bárðadal:

Um miðjan október stóð stjórn félagsins fyrir fræðslu- og skemmtiferð að Svartá í Bárðardal. Ferðin var meðal annars hugsuð vegna vinnu við umsögn stjórnar vegna umhverfismats á fyrirhugaðri virkjun í Svartá. Við hittum heimafólk frá Víðikeri og Bjarnastöðum sem sýndu

okkur fyrirhugað virkjanasvæði og buðu okkur að því loknu í kaffi og með því. Þar gafst okkur kostur að heyra álit heimamanna, spurja spurninga og koma okkar skoðun á framfæri. Þetta var mjög ánægjuleg ferð og gagnleg við vinnuna við umsögn vegna fyrirhugaðrar virkjunar. Hlekk á umsögnina má finna neðar í þessu bréfi.

Ágengar plöntur

Hugmynd um að stofna starfshóps um eyðingu ágengra plantna er enn í vinnslu. Egill og Hjördís eru í undirbúningshópi fyrir hönd stjórnar Fjöreggs og njóta liðsinnis Þórodds Þóroddssonar frá Grænavatni. Nánari frétt af gangi mála er að vænta með vorinu. Vert er að benda á að í nýjasta hefti Náttúrufræðingsins er grein eftir Aagotu Óskarsdóttur um ágang lúpínu við Sandvatn og samantekt á uppgræðslustarfi Landgræðslunnar á Hólasandi.

App fyrir Mývatnssveit

Upp kom hugmynd innan stjórnar hvort hægt væri að hanna app sem yrði sent gegnum fjarskiptapjónustu í alla síma sem tengjast innan svæðisins. Með appinu væri hægt að kynna reglur um til dæmis umgengni, staðsetningu opinna salerna, reglur um gistingu utan löglegra tjald og gististaða og fjölmörg önnur atriði sem gagnast mættu ferðamönnum og öðrum sem sækja svæðið heim. Rætt var um hvort slíkt standist lög og reglur og hverjir þyrftu að koma að verkefninu. Þessari hugmynd er varpað fram hér fyrir áhugasama að vinna frekar að málinu svo fremi sem þetta sé raunhæf hugmynd. Það er hægt að senda póst á póstfangið fjoregg@gmail.com ef einhver sér möguleika á að nýta hugmyndina sem viðskiftatækiræfi eða að vinna frekar að framgangi mála.

Plast, rusl, moltun, endurvinnsla:

„Litla ruslahreinsun“ var haldin aðra helgina í september. Þar var fólk hvatt til að líta í kringum sig og hreinsa til í sínu nærumhverfi. Við höfum áhuga á að endurtaka leikinn í ár og koma á tveimur ruslahreinsunardögum í stað eins. Vor og haust. Eins hefur stjórn rætt aðra þætti sem snúa að umgengni innan sveitarfélagsins, þætti sem snúa að okkur sjálfum, fyrirtækjum, framkvæmdaaðilum, bændum og almennt séð öllum sem daglega starfa sinna vegna þurfa að koma frá sér úrgangi sem má oftast en ekki breyta í verðmæti með endurvinnslu. Eins höfum við rætt hvernig mögulegt væri að safna og nýta lífrænan úrgang til moltugerðar. Stjórnin hefur mikinn áhuga á að vinna áfram að þessu mikilvæga máli í samstarfi við alla þá sem málið snertir og eins teljum við þetta verkefni upplagt til að mynda vinnuhóp stjórnar og almennra félagsmanna. Nokkuð sem við höfum rætt og komið á framfæri oftsinnis áður. Það er engin ástæða til að vera óvirkur í félagsstarfinu þótt viðkomandi sé ekki í stjórn. Það er vilji stjórnar að starfið geti allt eins byggst á samtakamætti og þátttöku fjöldans í hverju því máli sem viðkomandi vill sinna og rúmast innan markmiða félagsins. Því hvetjum við enn og aftur alla þá sem vilja vinna að framgangi náttúruverndar og umhverfisvitundar að hafa samband við formann eða einhvern í stjórn. Valérija og Óli hafa tekið að sér að leiða þetta starf og hafa nú þegar sitthvað á þrjónunum sem verður kynnt í sambandi við árlegan ruslahreinsunardag í lok maí.

Ábending gegnum heimasíðu Fjöreggs:

Fata- og nytjagámur. Spurning eða ábending barst gegnum heimasíðu um hvort hægt væri að beita sér fyrir uppsetningu fata og nytjagáms í sveitinni. Arna gat sagt frá því að Rauði krossinn er að skoða leiðir til að koma upp fatagámi hér í sveit. Það sem stendur í vegi fyrir því er að hér er ekki vöruafgreiðsla svo ekki er hægt að flytja gáminn til og frá svæðinu.

Umsagnir og ábendingar vegna aðal- og deiliskipulaga:

Að vanda hefur verið mikið að gera hjá stjórn við að sinna beiðnum um athugasemdir vegna ýmissa framkvæmda sem eru á döfinni. Allar umsagnir Fjöreggs má finna á heimasíðu félagsins, fjoregg.is Hér er upptalning á umsögnum sem unnar hafa verið frá því að síðasta fréttabréf var sent:

-Svartárvirkjun

Fjöregg sendi inn umsögn vegna fyrirhugaðrar byggingar virkjunar í Svartá í Bárðadal eins og fram kemur fyrir í þessu fréttabréfi. Þar sem svæðið er fyrir utan það svæði sem Fjöregg starfar á samkvæmt lögum félagsins var ákveðið eftir umræður innan stjórnar að senda inn umsögn sem tæki aðeins til þeirra atriða sem tengja svæðin saman, þ.e. lífríkið, og einkum þeir andastofnar sem deila þessum tveimur búsvæðum. Svartá er til dæmis mikilvægt búsvæði húsanda, einkum þegar hallæri er í Laxá. Svartá, Suðurá og Laxá eru lindár og eiga margt sameiginlegt hvað varðar náttúrufar og lífríki. Með tilliti til þess ákvað stjórn að skrifa athugasemd vegna fyrir hugaðrar virkjunar. Umsögning má sjá hér:

<http://fjoregg.is/index.php/umsagnir/>

-Deiliskipulag Vogajarðar

Vogajarðin öll hefur verið deiliskipulögð. Sérstakt deiliskipulag var gert fyrir Grjótagjá, Vogagjá, Lúdentborgir og fleiri staði sem hafa orðið eða séð fyrir að verði viðkomustaðir. Fjöregg var á lista skipulagsnefndar sem umsagnaraðili og skilaði inn umsögn sem sjá má með því að smella á hlekkinn hér;

<http://fjoregg.is/index.php/umsagnir/>

-Deiliskipulag Hlíð

Ferðapjónustusvæðið við Hlíð hefur verið deiliskipulagt með tilliti til þess hvar verður gisting í húsum og tjaldsvæði og þjónustuhúsnæði. Fjöregg var á lista skipulagsnefndar sem umsagnaraðili og skilaði inn umsögn sem sjá má með því að smella á hlekkinn hér;

<http://fjoregg.is/index.php/umsagnir/>

-Breyting á aðalskipulagi vegna seyrulosunarsvæðis á Hólasandi

Stjórn Fjöreggs fagnar þeim áfanga sem náðst hefur í fráveitumálum og þakkar sveitarstjórn og öðrum aðilum sem unnið hafa að málinu fyrir ötula og markvissa vinnu allt frá því að málið kom fyrst á dagskrá sveitarstjórnar sumarið 2014 í kjölfar málþings sem Fjöregg hélt um fráveitumál í maí sama ár. Fjöregg hefur verið boðið að skrifa athugasemdir og umsagnir um skipulags og matslýsingu fyrir væntanlegar framkvæmdir og breytingu á aðalskipulagi hreppsins vegna fráveitu og nýtingu skolps til uppgræðslu á Hólasandi. Skilafrestur er til og með 28. Mars. Þetta skjal verður aðgengilegt á heimasíðu Fjöreggs fyrir aðalfundinn.

-Jarðböðin – kynning á tillögum að deiliskipulagi

Deiliskipulag var auglýst til kynningar í mars og athugasemdafrestur er til og með 9. apríl. Umsögnin er í vinnslu og verður sett á heimasíðu Fjöreggs að því verki loknu.

Rekstrarstyrkur

Stjórn Fjöreggs sótti um rekstrarstyrk til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og fékk 200.000 króna styrk. Styrknum verður varið til fræðslu og verkefna á komandi starfsári samkvæmt ákvörðun nýrrar stjórnar.

Fræðslufundur

Fimmtudagskvöldið 25. janúar kl. 20, stóðu Fjöregg og Menningarfélagið Gjallandi fyrir sameiginlegu fræðslukvöldi í Skjólbrekku. Gestir kvöldsins voru þeir Röðull Reyf Kárason og Snorri G. Sigurðsson, héraðsskjalavörður. Fjallað var um það áhugaverða starf sem unnið er með menningararf svæðisins. Snorri fjallaði um Héraðsskjalasafn Þingeyinga, hlutverk

safnsins í varðveislu sögu héraðsins og eins um Ljósmyndasafn Þingeyinga. Röðull Reyf fjallaði um Gafl, félag áhugamanna um þingeykska byggingararfleið sem hefur það markmið að auka vitund um verndun og varðveislu gamalla húsa.

Að lokum

Að lokum vil ég eins og ávallt minna félagsmenn á að vera virkir í starfi og að sækja viðburði félagsins. Starf og áhrif félagsins verður ávallt tengt þeim sem leggja vinnu og tíma í verkefni hverju sinni. Þeir félagsmenn sem taka þátt í félagsstörfunum móta félagið hverju sinni. Ef þú góður félagsmaður brennur fyrir einhverju málefni eða hefur tíma og áhuga á að taka þátt, er ein leiðin að hafa samband á netfangið fjoregg@gmail.com. Eins er kærkomið að fá frá ykkur hverskonar ábendingar og hugmyndir sem ykkur brennur á hjarta. Stjórnin fer með málefni félagsins á milli aðalfunda og það er okkur afar mikilvægt að eiga gott samband við almenna félagana og það er vonandi gagnkvæmt.

Eins og komið hefur fram í síðustu fréttabréfum og sömuleiðis í þessu bréfi, þá er félögum velkomið að mynda sjálfstæða hópa um ákveðin verkefni. Það er af nógu að taka og stjórnin kemst ekki með nokkru móti yfir allt sem nauðsyn væri að vinna að í okkar góða samfélagi. Við erum áhugamannafélag og allt starf unnið í sjálfboðavinnu. Mín reynsla er að það sé ekki vannýttur tími. Hann eykur félagsfærni, víðsýni, starfið er afar fróðlegt um hin ýmsu svið náttúruverndar og náttúruvitundar og eins kynnist maður fjöldanum öllum af góðu fólki með sömu hugsjónir og áhugamál. Eins er þetta góð leið til að hafa áhrif á samfélagið sem við búum í.

Ég vil minna á aðalfundinn sem er á fimmtudaginn kemur 12. apríl. Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér sem formaður áfram. Ég hef starfað sem formaður í 3 ár og það er mín einlæga skoðun að enginn á að „festast“ í formennsku eða í stjórnnum félagssamtaka af hvaða tagi sem er. Mér finnst það ekki lýðræðinu til góðs og alltaf holt að saman fari hæfileg blanda af reynslu og ferskum vindum. Mér finnst 3 ár vera hæfilegur tími og ég stend sáttur upp úr stóli formanns og býð öðrum sæti. Starfið hefur verið einkar skemmtilegt, á stundum strembið, alltaf lærdómsríkt og samstarf við alla sem hafa gegnt starfi í stjórn, verið varamenn eða verið innan tengslanets félagsins hefur alltaf verið með miklum ágætum. Mig langar til að þakka öllum fyrir samstarfið og óska Fjöreggi áframhaldandi velgengni. Það er mikilvægt nú og til framtíðar að rödd okkar heyrir sem víðast.

Með vorkveðju.

F.h.stjórnar Fjöreggs,

Ólafur Þröstur Stefánsson formaður.